

## ✉ Re: Nýtt deiliskipulag við Snókalönd við Bláfjallaveg

Búið til	16.1.2023 15:44:50
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	16.1.2023 15:44:49
Tilheyrir	📁 202212-0019 - Nýtt deiliskipulag við Snókalönd við Bláfjallaveg

### Efni

Re: Nýtt deiliskipulag við Snókalönd við Bláfjallaveg

### Upplýsingar

### Vinnsla

Sent	16.1.2023 15:44:49	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurðsson@ni.is)
Til	berglingd@hafnarfjordur.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is
Bcc	Anna.Sveinsdottir@ni.is

### Innihald

Góðan dag,

Tilvísun í mál nr. 202212-0019 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá umhverfis- og skipulagssviði Hafnarfjarðarbæjar, dags. 12. desember 2022, þar sem bent er á að deiliskipulagstillaga um Snókalönd við Bláfjallaveg sé í auglýsingu.

Náttúrufræðistofnun Íslands veitti umsögn um skipulagslýsingu tillögunnar þann 27. júní 2022. Þar kemur fram sú ábending að þótt áætlað uppbyggingarsvæði fyrir ferðaþjónustu (bílastæði, byggingar fyrir aðstöðu, göngustígur) séu á þegar röskuðu svæði þá sé það í nágrenni hraunflæmis sem er enn að stórum hluta óraskað og sem falli undir sérstaka verndun skv. 61. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Bent var á að mikilvægt væri að uppbygging innviða á svæðinu leiði ekki af sér frekara rask en fyrir er. Leggja ætti mat á hversu heillegt hraunið sé innan skipulagssvæðisins og hlífa óröskuðum hluta þess eins og hægt er.

Í deiliskipulagstillögunni er áætlaðri uppbyggingu lýst nánar og einnig gert grein fyrir svokölluðu myrkvunarsvæði þar sem ljósmengun á ekki að vera til staðar. Innviðauppbyggingin er að öllu leyti innan raskaða svæðisins en Náttúrufræðistofnun vill ítreka fyrri ábendingu um að hlífa óröskuðum eða lítt röskuðum jarðminjum innan skipulagssvæðis eins mikið og mögulegt er.

Vegslóðar eru vel sýnilegir utan áætlaðs framkvæmdasvæðis. Stefna ætti að því að fjarlægja ummerki um þá til að endurheimta ásýnd hraunsins. Það ætti að fara vel saman með markmiðum um myrkvunarsvæði.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is](http://www.ni.is) (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

**From:** "Berglind Guðmundsdóttir" <[berglindg@hafnarfjordur.is](mailto:berglindg@hafnarfjordur.is)>

**To:** "Móttaka - NI" <[Mottaka@ni.is](mailto:Mottaka@ni.is)>

**CC:**

**Subject:** Nýtt deiliskipulag við Snókalönd við Bláfjallaveg

**Date:** 12.12.2022 14:21:25

Góðan daginn, vakin er athygli á því að meðfylgjandi deiliskipulag er að fara í auglýsingu.

Kv.



**Berglind Guðmundsdóttir**

Landslagsarkitekt FÍLA

Umhverfis- og skipulagssvið

Norðurhella 2

585 5500

[berglindg@hafnarfjordur.is](mailto:berglindg@hafnarfjordur.is)

(<mailto:berglindg@hafnarfjordur.is>)

**hafnarfjordur.is**

(<https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fhafnarfjordur.is%2F&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7Cc3234af3876648c8a0dd08dadc4c215c%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C638064516846387938%7CUnknown%7CTWfpbGZsb3d8eyjWljojMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6Iik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=3o%2B1Om6LahB9gXz1lmeQeL2V0sj3tOIYp2fz8%2FmK7xA%3D&reserved=0>)